

Dalvíkurskóli

Skólastjóri í námsleyfi

Gisli Bjarnason skólastjóri Dalvíkurskóla fer í árs námsleyfi veturninn 2013-2014. Björn Gunnlaugsson hefur verið ráðinn til þess að leysa Gisla af en Björn starfaði sem deildarstjóri í Norðlingaskóla og lauk námi í stjórnun menntastofnana frá menntavísindasviði HÍ nú í vor. Drífa Þórarinsdóttir leikskólastjóri Krílakots tekur einnig við að Gisla og verður því skólastjóri Kátakots og Krílakots frá 1. ágúst næstkomandi.



Náms- og kynnisferð starfsmanna Dalvíkurskóla til Finnlands

Síðastiðinn ágúst fóru starfsmenn Dalvíkurskóla í náms- og kynnisferð til Finnlands. Þar fengu þeir fræðslu um finnska menntakerfið og skoðuðu grunnskóla í vinabæ Dalvikur, Borgå (Porvoo). Þar er áhersla lögð á fagleg og skipuleg vinnubrögð bæði í menntakerfinu og ekki síður í skólunum sjálfum. Það sem vakti athygli starfsmanna í skólaheimsóknunum var hversu tæknilega kennslustofurnar voru útbúnar, en unnið hefur verið að því síðustu ár að staðalbúnaður kennara í hverri stofu sé tölvu, skjávarpi og skjámyndavél. Finnskir kennarar eru vel að sér í upplýsinga- og tæknimennt og fengu starfsmenn Dalvíkurskóla upplýsingar um margar skemmtilegar og gagnlegar vefsíður sem síðan hafa verið notaðar í vetrur.

Læsisstefna

Í veturnur hefur hópur kennara í Dalvíkurskóla unnið að gerð læsisstefnu fyrir skólann en samkvæmt nýrrí Aðalnámskrá er læsi einn af grunnþáttum menntunar. Áhersla er lögð á að nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði til gagns og gamans, að þeir geti nýtt sér margvislega miðla í þekkingarleit og úrvinnslu, lesið úr myndritum, myndað sér skoðanir út frá lesnu efní og tjáð sig í ræðu og ritu í fjölbreytan hátt. Áhersla er lögð á að auka orðaforða nemenda og efla lesskilning þeirra. Læsi í viðum skilningi er bæði „að læra að lesa“ og „lesa til að læra“.

Tónlistarskólinn



Á þessu skólaári hefur tónlistarskólinn starfað náið með grunn- og leikskólunum. Nemendur taka þátt í skemmtunum grunnskóla, tónmenntakennaða fer fram innan vegga skóllanna auk annarrar fræðslu. Í veturnur hefur verið gerð tilraun til þess að stýðja við nám barna með íslensku sem annað tungumál. Fer kennsla fram í gegnum hreyfingu, hljóðfæraleik og söng. Umsóknir fyrir næsta skólaár eru um 20% fleiri heldur en á síðasta ári og er það jákvæð þróun.

Að lokum má ítreka að það er alltaf heitt á könnunni á starfstíma skólans og allir íbúar velkomnir að koma og kynna sér skólastarfíð.

Foreldrafundur um móðurmál og tvítyngi

Í maí var haldinn fjölmennur foreldrafundur fulltrúa allra skólanna og foreldra barna af erlendum uppruna. Markmið fundarins var að fylla um móðurmál, tvítyngi og frístundir. Hulda Karen Danielsdóttir fjölmenningarráðgjafi kom frá Reykjavík og hélt erindi um tvítyngi, Árni Jónsson fróðt- og æskulýðfullrúi fyllaði um frístundadrámböð í sveitarfélagini og að lokum fóru fram umræður í hópum. Göð þátttaka var á fundinum og nánast húsfyllir. Nokkur stærstu fyrirtækin í sveitarfélagini, Samherji, Sæplast, Otto Jak. og Marúlfur studdu við fundinn með því að veita foreldrunum leyfi frá vinnu til að sækja hann og eins studdu þau við kynningu og skráningu á fundinn. Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar þakkar þessum fyrirtækjum kærlega stuðninginn.

Næsta haust er svo fyrirhugað að halda fjölmennaðarþing í sveitarfélagini en sá viðburður er hugsaður í staðra samhengi en eingöngu í tengslum við skólana.



Fréttabréf Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar

5. TBL.
JÚNÍ 2013
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSP/HELGU BJÖRT



Sérhver skóladagur þarf að vera hamingjudagur fyrir hópinn og hvert einstakt barn, hver stund gleistund, sem þokar öllum eitthvað áfram á göngunni til góðs.

Ísaak Jónsson, 1958



Fréttir

Styrkir

Á árinu hafa skólar sveitarfélagsins og fræðslusvið fengið nokkrar styrkthlutanir til framþróunar á skólastarfi. Þær ber að nefna styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála til að halda íbúning um fjölmenningu, styrk frá Sprotasjóði til sameiginlegs verkefnis skólanna og fræðslusviðs um jafnrétti í skólastarfi, styrki frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla en fræðslusvið fékk styrk vegna jafnréttis, Dalvíkurskóli vegna fjölmenningar og Árskógarskóli vegna spjaldtölu notkunar í skólastarfi. Styrkinir verða ýmist nýttir í að fá fyrirlæsara, ráðgjöf og námskeið fyrir starfsfólk eða nýttir í auka fundartíma starfsfólk í tengslum við verkefni.

Kannanir

Árlega eru lagðar fyrir foreldra- og starfsmannakannanir á vegum skóla Dalvíkurbögðar og fræðslusviðs. Markmið með fyrirlögnum er að skoða það sem vel er gert í skólanum og það sem betur má fara. Í að komu kannanirnar mjög vel út. Mikill meirihluti foreldra er ánægður með starf skólanna, treystir starfsfólkini og segir að börnum sínum líð vel í skólanum. Það sama gildir um starfsmannakannanirnar, langflestum líður vel í vinnunni og eiga góð samskipti við samstarfsfólk. Það helsta neikvæða sem kemur fram er hjá foreldrum leikskólabarna en margir úr þeim hópi eru ósáttir við húsnæðið á Kátakoti og vilja láta sameina Kátakot og Krílakot í eitt húsnæði, en sú frammáærd er einmitt á þriggja ára áætlun sveitarfélagsins. Niðurstöður foreldrakannana eru birtar á heimasiðum skólanna.

Ný Aðalnámskrá

Um þessar mundir eru leik- og grunnskólarnir á Dalvík önnur kafnir við að innleiða nýja Aðalnámskrá sem Menntamáraláuneytið gaf út 2011 og 2013 en stefnt er á að hún verði að fullu innleidd voríð 2015. Lögð er áhersla á 6 grunnþætti menntunar en þeir eru læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð auk sjálfbærni. Eins er lögð áhersla á nýtt námsmat sem miðast við svokallaða lykilhæfni en sú hæfni er skilgreind fyrir hverja námsgrein. Notaður verður kvarðin A, B, C og D til að tölka lykilhæfni og skulu grunnskólar skila sliku námsmáti til framhaldsskóla með nemendum sem útskrifast voríð 2015. Hægt er að kynna sér þessar nýju áherslur í menntamánum á vefnum www.namtilframtíðar.is og www.namskrá.is en inni á fyrri nefndu vefnum eru skemmtileg myndbund um grunnþætti menntunar fyrir öll skólastig. Endilega kikið á þau!

Skólastefna

Næsta vetrur standur til að uppfæra skólastefnu sveitarfélagsins þannig að hægt sé að birta sameiginlega stefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla. Ný aðalnámskrá verður höfð til hlíðsjónar í vinnunni sem og námskrá skólanna ásamt fleiri gögnum. Ýmsir verða fengnir að vinnuni við nýja skólastefnu, t.d. starfsmenn allra skólanna, foreldrar og nemendum. Þeir foreldrar eða aðrir sem hafa áhuga á að taka þátt í vinnunni eru beðnir um að láta vita í tölvupósti á neftangið helgabjorn@dalvikbyggd.is.

Verkefni á fræðslusviði

Nú er hópur fulltrúa allra stofanna fræðslu- og menningarsviðs að vinna að móton gilda fyrir svíðið. Niðurstöður þeirrar vinnu verða birtar á næstu dögum. Eins verður nýuninn áætlun um ytra mat á skólanum birt á heimasiðum sveitarfélagsins nú í júní.

Leikskólarnir

Söguskjóður

Verkefnið Söguskjóður fór af stað síðastiðinn janúar á Krílakoti og Kátakoti en því lauk rétt fyrir þásk. Verkefnið gengur út að foreldrar koma inn í leikskólanum og búa til málörvandi gögn tengd barnabókum, svokallaðar Söguskjóður. Starfsfólk leikskólanum aðstoðar við vinnuna og boðið er upp á barnagæslu á meðan. Þeir foreldrar sem tóku þátt unnu frábæra vinnu og eru Söguskjóðurnar glæsileg gögn fyrir leikskólanum en þær verða síðar lánaðar heim til barnanna svo foreldrar og börn geti unnið saman með þær. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála en áhersla var lögð á að fá bæði erlenda og íslenska foreldra með í vinnuna. Í haust er síðan fyrirhugað að Dalvíkurskóli komi að verkefnið ásamt Kátakoti og Krílakoti.



Bíðilistar

Í haust mun stórá hópur barna fæddur 2012 hefja leikskólagöngu á Krílakoti og í Árskógi. Bíðilistum á leikskóla hefur nánast verið eytt en yngsta barnið sem mun byrja í ágúst er níu mánaða gamalt. Það er ánægjilegt að geta boðið börnum upp á leikskólavist svo ungum.



Vinnudagur á Krílakoti

Þann 29. júní standur foreldrafelagið og foreldrararáðið á Krílakoti fyrir vinnudegi. Til standur að laga til á loðinni, grjóthreinsa, gróðursetja, skreyta, útbúa fleiri hljóðfæri og fleira. Byrjað verður kl. 10 og unnið eithvað fram yfir hádegi og eru þeir foreldrar og aðrir sem hafa áhuga á að taka þátt hvattir til að mæta.

Árskógar



Skólaping í Árskógi

Í apríl var haldið skólaping í Árskógarskóla. Alla vikuna unnu nemendum verkefni um „skólan minn“ með það að markmiði að koma með tillögur um hvað hafi gengið vel þennan fyrsta vetrur í nýjum skóla, hvað mætti bæta, hvað vantar af námsgögnum eða í námsumhverfið og svo framvegis. Einn af grunnpáttum menntunar er lýðræði og mannréttindi en þetta var þema í þeim anda. Markmiðið var að nemendum hefðu áhrif á skólanum sinn og þær ákvæðanir sem eru teknar, enda mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir séu vitar. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Og ef það á að vera réttlátt þá purfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku þrátt fyrir að búa yfir misjöfnum burðum til þáttöku.

Unnið var í hópum, paravinnu og einstaklingsvinnu þar sem allir fundu sinn stað. Afurðin var svo kynning á fjölbreyttum verkefnum á skólapingi m.a. likan af skólanum og umhverfi, veggspjöld og glærkynningar. Nemendum lögðu sig virkilega fram og þessar upplýsingar og tillögur verða auðvitað nýttar við áframhaldandi mótuð skólands.

